

Athugasemdir til Skipulagsstofnunar við tillögu að matsáætlun vegna vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum

Almennar athugasemdir

Við undirrituð lýsum okkur andvíg því að landbúnaðarjörðinni Hróðnýjarstöðum verði breytt í iðnaðarsvæði og erum algjörlega mótfallnir því að ráðist verði í stórfelldar virkjunarframkvæmdir á svæðinu. Við teljum fáheyrnt að reisa eigi raforkuver af þeirri stærðargráðu sem áformað er svo nærri íbúabyggð og teljum að þær framkvæmdir sem ráðgert er að ráðast í muni valda okkur og nágrönnum okkar verulegum óþægindum og mikilli skerðingu á lífsgæðum. Þá munu þessar framkvæmdir og umrætt orkuver hafa mikil áhrif á nær- og fjærumhverfi og raska þeirri byggðasamsetningu frá því sem nú er.

Við tökum fram að við erum ekki á móti virkjun vindorku á Íslandi en teljum það fráleita aðferð að framkvæmdaaðilar kaupi upp bújarðir í byggð fyrir slíkar framkvæmdir og ætli svo að telja sveitarstjórn á að breyta skipulagi. Við teljum að sveitarfélög eigi sjálf að skipuleggja sín iðnaðarsvæði og framkvæmdaaðilar sækji svo um lóðir / land til framkvæmda.

Mikið er talað um að rannsaka eigi hvaða áhrif þessar framkvæmdir muni hafa á fugla, fiska og náttúru. Hins vegar er hvergi minnst á það að rannsaka þurfi hvaða áhrif þetta muni hafa á fólk. Umræddar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa þegar haft neikvæð áhrif á fólk í nágrenninu, valdið óróa í samfélaginu og kostað okkur tíma og peninga. Við höfum þungar áhyggjur af framtíð svæðisins og fyrirhugaðar framkvæmdir valda okkur miklum áhyggjum og hræðslu. Við krefjumst þess að áhrif slíkra stórfamkvæmda á manneskjur verði rannsökuð líkt og rannsaka á áhrif á fuglalíf, fiska og gróður og fá það vægi sem tilhlýðilegt þykir.

Við viljum einnig gera athugasemdir við það orðalag sem notað hefur verið í umræðu og kynningum um þetta mál. Þar er ávallt talað um „vindorkugarð“, „vindlund“, „orkugarð“, „garð“ o.s.frv. Það er augljóst að með þessu orðalagi er ætlunin að draga athygli almennings frá því að um sé að ræða virkjun. Með því að nota orð eins og „lundur“ og „garður“ er verið að breyta merkingu þess sem um er rætt.

Athugasemdir við einstaka kafla í skjalinu

1.5 Markmið

Vitnað er í rannsóknir sem eiga að sýna að vindorka sé einhver umhverfisvænasta leið til framleiðslu á orku. Vegna mjög skamms tíma til að skila inn athugasemdum vannst okkur ekki tími til að verða okkur úti um þessar rannsóknir og kynna okkur þær. En sú spurning sem kemur upp er hvort þessar rannsóknir eigi jafn vel við hér á landi og þar sem þær voru gerðar og hvaða breytur hafi mest áhrif á niðurstöðuna þegar hagkvæmni virkjunarkosta er metin? Þá virðist vera byggt á rannsóknum sem eru allt að 17 ára gamlar.

2 Framkvæmdasvæði

Það er rétt sem fram kemur í skýrslunni að veiðiréttindi í ána Fáskrúð eru seld, en eigandi Ljárskóga hefur tryggt sér allan veiðirétt í ánni og ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir við ána og íbúðarhús, með það að markmiði að bjóða veiðirétt til innlendra og sérstaklega erlendra aðila í ósnortinni náttúru. Sú upplifun sem sóst er eftir og byggir jafnframt undir ferðamennsku á svæðinu fer alls ekki saman við rekstur stórra orkuvera í næsta nágrenni.

Úr skýrslunni: „Þó svo umbeðin breyting á aðalskipulagi kveði á um breytingu á þessu landssvæði í iðnaðarsvæði þá mun meginþorri svæðisins verða nýtt eftir sem áður sem upprekstrar- og beitiland fyrir sauðfé“. Í svörum frá framkvæmdaraðilum við sömu athugasemd er talað um að fjölmörg dæmi séu um slíkt. Engin dæmi eru hins vegar nefnd og spurningunum ekki svarað. Sem sagt, má stunda landbúnað á iðnaðarsvæði og má beita búfé á iðnaðarsvæði?

3 Framkvæmdalýsing

Engin lýsing á framkvæmdum kemur fram í þessum kafla líkt og ráða mætti af heiti kaflans og útilokað er að gera sér grein fyrir umfangi þeirra og áhrif á náttúru. Talað er um uppsetningu vinnubúða en ekki er getið um hvar þær vinnubúðir verða staðsettar. Ekki er þriggja fasa rafmagn á Hróðnýjarstöðum. Verða keyrðar dísilrafstöðvar á framkvæmdatíma til öflunar rafmagns m.a. til vinnubúða?

3.2 Aðgengi og flutningur

Talað er um flutning búnaðar að svæðinu og er nefnt sem möguleiki að flutningur fari um veg 587, Hjarðarholtsveg. Sá vegur er þröngur og burðarlítill malarvegur og ljóst að það þyrfti að endurgera hann með það fyrir augum að þola slíka þungaflutninga. Við erum því algjörlega andvíg að ráðist verði í slíka framkvæmd og flutningar fari þar um þar sem hús okkar standa örfáa metra frá veginum og ljóst að gífurleg truflun yrði af framkvæmdum og umferð.

Hinn möguleikinn felur í sér flutning sjóleiðina um Hvammsfjörð. Við gerum alvarlegar athugasemdir við flutning á vindmyllum, vélbúnaði, rafbúnaði og öðru þessu tengdu sjóleiðina um friðlýst svæði Hvammsfjarðar.

3.5 Tenging við flutningsnet raforku

Enga lýsingu er að finna á framkvæmdum er snertir flutning raforku og hugsanlega breytingu á núverandi flutningskerfi, sérstaklega þegar horft er til þess að fyrirhugað er að reisa stórt vindorkuver við Gilsfjörð sem er á sama áhrifasvæði. Er alls ekki fyrir séð að ekki þurfi að uppfæra raflínur vegna verkefnisins. Slíkar breytingar myndu vissulega gerbreyta ásýnd verkefnisins.

3.7 Framkvæmdakostir

Fjarlægð frá mannabústöðum

Ranglega er farið með staðreyndir varðandi fjarlægð mannabústaða frá framkvæmdasvæði. Ljárkot, Vígholtsstaðir, Húsholt og aðrar sumarhúsalóðir í landi Vígholtsstaða liggja á bilinu 70 – 150 metra frá vegi nr 587 þar sem gefið er í skyn að ráðist verði í umfangsmikla vegagerð og þungaflutninga. Þá er rétt að geta þess að veiðihús á Ljárskógum er nýtt sem slíkt á veiðitímabilinu en einnig sem íverubústaður fyrir eiganda jarðarinnar auk þess sem húsið er leigt út allan ársins hring til ferðamanna.

3.8 Núllkostur

Á engan hátt er hægt að tengja virkjunarframkvæmdir við sauðfjárrækt. Þessi kafla þar sem gefið er í skyn að þessar fyrirhugðu framkvæmdir muni styrkja fjárhagsstöðu sauðfjárbænda á svæðinu er hreinlega út í hött og óskast fjarlægður. Auk þess er út í hött að tala um að virkjanaframkvæmdir þessar muni styrkja fjárhagslega stöðu bænda á Hróðnýjarstöðum. Eigendur Hróðnýjarstaða keyptu jörðina til þess að setja þar upp virkjun, ekki til þess að gerast sauðfjárbændur. Þessi ummæli eru dæmigerð fyrir þær aðferðir sem framkvæmdaaðilar hafa notað til að auglýsa sinn málsstað. Virkjanaframkvæmdir og landbúnaður vinna á engan hátt saman. Óskað er eftir því að fram komi hvaða atvinna skapast og hvers konar fjárhagslegur ávinningur verði fyrir bændur í sveitinni.

4.1.4 Samfélag, landnýting og efnahagur

Talin eru upp mikið af jákvæðum áhrifum sem framkvæmd þessi muni hafa á samfélagið. M.a. vísað í fjölgun starfa sem nánar séu rakin í kafla 3.8. Í þeim kafla er hins vegar ekkert talað um hvaða störf muni verða til. Mest er talað um í þeim kafla hversu mikill fjárhagslegur ávinningur verði fyrir framkvæmdaraðila.

4.1.6 Lífríki

Gerð er athugasemd við hversu lítið er gert úr áhrifum á lífríkið á framkvæmdartíma. Nú gengur sauðfé frá fjölda bæja í Laxárdal á landi Ljárskóga ásamt landi Hróðnýjarstaða. Bændur sem hafa upprekstur á Ljárskóga eiga mikið undir að þeirra sauðfé haldi ímynd hreinleika sauðkindarinnar. Þekkt er að sauðfé má ekki koma stressað til sláturhúss. Fullyrðingin „á starfstíma er það helst fuglar sem gætu orðið fyrir áhrifum“ er því röng.

4.2.1 Fiskar

Gerð er athugasemd við það sem ritað er um áhrif vindorkuvirkjunar á fiska. „Rannsóknir á áhrifum vindorkugarða á fiska hafa helst verið gerðar í tengslum við vindmyllur í sjó“. Silungur í Slýjuvatni, Lambhagavatni, Neðstavatni og Ljárvatni (Ljárvatn í landi Gillastaða) er staðbundinn urriði og bleikja. Mikil umhverfisáhrif verða við framkvæmdir við slíka vindorkuvirkjun s.s. vegna veglagningar, stöpla o.fl. Allt þetta hefur áhrif á vatnsstöðu allra þessara fiskivatna ásamt Ljár sem rennur m.a. úr Ljárvatni. Vatnsstaða neðri hluta Fáskrúð verður einnig fyrir áhrifum vegna framkvæmda.

Ekki virðast liggja fyrir rannsóknir um áhrif vindorkuvera t.d. á laxagengd í ár ef marka má skýrsluhöfunda. Laxagengd í ár er sérstaklega viðkvæm m.a. vegna sjónrænna áhrifa, hljóðvistar og hugsanlegs titrings vegna reksturs túrbína og vindálags á myllurnar.

5 Skipulagsáætlanir

Vitnað er í landsskipulagsstefnu og fullyrt að „Storm I virðist því vera í góðu samræmi við Landsskipulagsstefnu“. Við mótmælum þessu á eftirfarandi forsendum:

- Eitt af leiðarljósum gildandi landsskipulagsstefnu er: „Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.“ Ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér verulega skert lífsgæði fyrir nágretta.
- Yfirskrift kaflans um skipulag í dreifbýli er: „Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag“
- Yfirskrift kafla 2.2 Umhverfis- og menningargæði: „Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi“

Vitnað er í Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018 – 2030 og þá svæðisskiplagsstefnu sem þar er sett fram. Sagt er „Ekki er að sjá að Storm I sé beinlínis í ósamræmi við svæðisskiplagsstefnuna“. Við vekjum athygli á að þar sem ekki er fjallað um orkumál í skipulagsstefnunni þá er allt eins hægt að tala um að ekki sé að sjá að Storm I sé í samræmi við skipulagsstefnuna.

Vilja- og samstarfsyfirlýsing sú sem vitnað er til í þessum kafla var undirrituð þrátt fyrir að Umhverfis- og skipulagsnefnd hafi vísað málinu frá vegna skorts á upplýsingum og því alls ekki sátt um hana í sveitarstjórn.

6 Kynning, álitsumleitan og samráð um gerð frummatsskýrslu

Fullyrðing um að almennt hafi verkefnið mætt jákvæðum viðbrögðum hjá íbúum sveitarfélagsins á íbúafundi þann 31. janúar 2018 er ekki rétt. Óskað er eftir að þessi fullyrðing verði fjarlægð úr skýrslunni þar sem hún er röng. Engin jákvæð viðbrögð komu fram á þessum íbúafundi, en aftur á móti kom fram mikið af neikvæðum viðbrögðum. Það mætti gjarnan geta þeirra viðbragða í þessu skjali í stað þess að fullyrða hið gagnstæða. Á engan hátt er trúverðugt að tala um að framkvæmdaaðilar hafi heyrt jákvæð viðbrögð eftir fundinn. Það voru einnig mjög neikvæð viðbrögð eftir fundinn. Ef verið er að vísa í fundinn þá skal geta þess sem fram kom á fundinum en ekki einhverntíman fyrir eða eftir fundinn.

Dalabyggð, 1. maí 2019

Arnór Björnsson (arnor1307@gmail.com)
Bjarnheiður Magnúsdóttir (bjarma10@gmail.com)
Björk Magnúsdóttir (bjork@magnus.is)
Haraldur Reynisson (haraldurr@rvkskolar.is)
Melkorka Benediktsdóttir (melb.ss@simnet.is)
Sigurbjörn Sigurðsson (melb.ss@simnet.is)
Sigurborg H. Sigurbjörnsdóttir (bogga.svenni@simnet.is)
Sigurður Sigurbjörnsson (siggi@budardalur.is)
Smári Hjaltason (smari.hjaltason@gmail.com)
Steinar Karlsson (bjork@magnus.is)
Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir (steinunn808@gmail.com)
Sveinn Sigurðsson (bogga.svenni@simnet.is)
Sævar Hjaltason (mjolk@simnet.is)
Viðar Waage (vidar@waage.is)